

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim er í 5. gr. getur, og greiddast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem ráð þykir að taka fram af því tilefni.

Ráðningarsamningurinn skal staðfestur af hreppsnefnd.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps í Árnessýslu hefur samíð og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. ágúst 1970.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar
nr. 163 21. september 1959.**

1. gr.

9. grein orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks, sem svo er ástatt, sem í 8. gr. segir, skal greiða vatnsskatt 4% fasteignamatsverðs árlega, þó þannig að lægsta gjald af einbýlishúsi sé kr. 300.00 og af íbúðarhúsi með tveimur eða fleiri íbúðum skal lægsta gjald vera kr. 200.00 af íbúð. Ef um er að ræða hús, sem að dómi bæjarstjórnar nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í heim er rekin og útheimtir mikið vatn skal greiða vatnsskatt allt að 6% af fasteignamatsverði. Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá lágmarksgjaldi, ef um sérstakar ástæður er að ræða. Hafi hús ekki verið virt fasteignamats virðingu ákveður vatnsveitan skattinn.

2. gr.

10. grein orðist svo:

Fyrir önnur ómæld vatnsnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

1. Af hverri tunnu saltaðrar síldar	kr.	3.00
2. Af hverri smálest innvegins fisks	—	3.50
3. Fyrir hverja frysta síldartunnu	—	2.50
4. Fyrir hvern kjötskrokk	—	1.50
5. Fyrir vatn í steypu af hverri sementstunnu	—	2.00
6. Fyrir hvern krana utanhúss og í peningshúsum	—	200.00

3. gr.

11. grein orðist svo:

Fyrir vatn til mjólkurbúa, verksmiðja (frystihúsa) og annarra slíkra aðila er nota mikið vatn heimilast bæjarstjórn að krefjast greiðslu samkvæmt vatnsmælum og skal þá greiða kr. 3.00 fyrir hverja smálest.

4. gr.

14. grein orðist svo:

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 25.00 fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 150.00 fyrir fiskiskip og kr. 300.00 fyrir önnur skip. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða, að hafnarbryggja Sauðárkróks greiði vatnsveitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun bæjarstjórnar, enda hafi bryggjan tekjur af vatnssölu þeirri er fram fer á bryggjunni, að undanskildum framleiðslugjöldum af sjávarafurðum, sem um ræðir í 10. gr. þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. ágúst 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélag Stóra-Lambhagahverfis í Skilmannahreppi,
Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Stóra-Lambhagahverfis. Heimili þess og varnarþing er Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá hverfinu fyrir neyzluvatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru bændur í Stóra- og Litla-Lambhaga og aðrir húsráðendur í Stóra-Lambhaga, og sláturhús Sláturfélags Suðurlands við Laxárbrú, enn fremur Vogatunga og Beitistaðir.

Vatnsveitan byggir aðalæð, en notendur kosta heimæðar hver heim til sín. Sláturfélag Suðurlands greiðir helming kostnaðar af aðalæð, en hinn helmingur kostnaðar við stofnun, greiðist af öðrum vatnsnotendum. Rekstur stofnæðar greiðist í sömu hlutföllum.

4. gr.

Hver aðili á rétt á vatni til húsparfa og atvinnureksturs. Félagsskylda er því skilyrði háð, að húeiganda sé látið í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til afnota.